

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1994

Nr. 186

558

6. apríl 1994

GJALDSKRÁ

fyrir afrit eða ljósrit, sem afhent eru á grundvelli
stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

1. gr.

Gjaldtökuheimild.

Stjórnvaldi er heimilt að krefja aðila máls um greiðslu fyrir afrit, endurrit eða ljósrit af skjölum er mál hans varða og aðili óskar eftir að fá afhent á grundvelli IV. kafla stjórnsýslulaga.

2. gr.

Ljósrit.

Stjórnvaldi er heimilt að krefja aðila máls um greiðslu kr. 5 fyrir hverja blaðsíðu skjals í stærðinni A-4 og A-5, sem er ljósrituð, allt að 11 blaðsíðum, en kr. 3 fyrir ljósrit af hverri blaðsíðu umfram það.

Fyrir ljósrit skjals í stærðinni A-3 er stjórnvaldi heimilt að krefja aðila máls um kr. 7 fyrir hvert ljósrit, en kr. 9 fyrir hvert ljósrit skjals í stærðinni A-2.

3. gr.

Afrit.

Þegar skjal er afritað/endurritað að beiðni aðila máls, er heimilt að krefja hann um greiðslu kr. 100 fyrir hverja blaðsíðu.

4. gr.

Aðkeypt þjónusta.

Þegar stjórnvald hefur ekki aðstöðu til þess að afrita eða ljósrita skjöl, er því heimilt að fela öðrum aðila að sjá um það.

Stjórnvaldi er heimilt að synja um afrit eða ljósrit af skjölum ef skjölin eru þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að slíkt er verulegum vankvæðum bundið, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þó getur stjórnvald í þessum tilvikum ákveðið að fela öðrum aðila að sjá um afritun eða ljósritun skjala telji það slíkt unnt.

Þegar um aðkeypta þjónustu er að ræða, sbr. 1. og 2. mgr., skal aðili máls greiða kostnað af þjónustu við fjölföldun þeirra skjala, sem keypt er með framangreindum hætti.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þesi er sett á grundvelli 3. málsl. 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 6. apríl 1994.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Þórhildur Línal.